

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **17-109F018**

Dags: **16. júlí 2017**

Staður: **Yfir Grænlandi**

Atvik: **Slökkt á hreyfli vegna minnkunar á olíumagni og snúið til Íslands**

Um kl. 08:40 (Z) þegar LN-LNH (B787) var á leið frá Los Angeles til Stokkhólms varð áhöfnin vör við að olíumagn fór minnkandi á vinstri hreyfli. Drepið var á hreyflinum og neyðarástandi lýst yfir. Ákveðið var að snúa af leið og til landingar á Keflavíkurflugvelli og var það gert án frekari atvika.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós að olíuleka var að finna við bót á olíuleiðslu. Við nánari rannsókn kom í ljós að þetta var þekkt vandamál hjá framleiðanda hreyfilsins og var búið að gefa út viðhaldsfyrirmæli sem samþykkt var af EASA og FAA. Það var ekki búið að bregðast við því á þessum hreyfli. Í kjölfar atviksins lagði framleiðandi hreyfilsins áherslu á það við flugrekendur að fylgja eftir viðhaldsfyrirmælum.

Nefndin lokaði málinu með bókun þann 20.10.2017.

Uppfært í nóvember 2018: Samkvæmt framleiðanda hreyfils hefur yfir 93% flotans verið lagfærður og ekki hafa fleiri tilfelli komið upp.

